



Bæjarstjórn Garðabæjar 13. (983)/2026

Boðað er til 13. (983). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 17. september 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2609010F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/9 '26.
2. 2609024F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/9 '26.
 - 2604479 - Afgreiðsla skipulagsnefndar – Arnarland umsókn um dsk.br. - Svalir út fyrir byggingarreit
 - 2607020 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hofslundur 11-19 - Deiliskipulagsbreyting
 - 2605059 - Afgreiðsla skipulagsnefndar – Arnarland umsókn um dsk.br. - Sameining lóða - E, F, G og K
 - 2604410 - Afgreiðsla skipulagsnefndar – Arnarland umsókn um dsk.br. - Útveggir bílakjallara
 - 2608428 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum rammaáætlunar
3. 2609019F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 10/9 '26.
4. 2609008F - Fundargerð leikskólanefndar frá 9/9 '26.
5. 2609014F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 8/9 '26.
6. 2608027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/9 '26.
7. 2608033F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 2/9 '26.
8. 2609013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 9/9 '26.
9. 2608038F - Fundargerð ungmennaráðs frá 27/8 '26.
10. 2609017F - Fundargerð öldungaráðs frá 10/9 '26.
11. 2602076 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 2/9 '26.
12. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/9 '26.



13. 2601279 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 24/8 og 11/9 '26.
14. 2601374 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 7/9 '26.
15. 2601544 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 28/8 '26.
16. 2609252 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 7/9 '26.
17. 2607098 - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs.
18. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 - endurfjármögnun skammtímaláns.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
12. (982). fundur 2026

Fimmtudaginn 3. september 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jón Þór Eggertsson 1. varaforseti, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, Birkir Guðlaugsson bæjarfulltrúi, Ýmir Örn Finnbogason varabæjarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi og Anna Margrét Steingrímsdóttir varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Jón Þór Eggertsson, 1. varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608023F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/8 '26.

Almar Guðmundsson ræddi 9.tl. innritun nemenda úr Garðabæ í framhaldsskóla.

Fundargerðin sem er 10.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2608036F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/9 '26.

Anna Margrét Steingrímsdóttir ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi. Hún lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd minnihluta bæjarstjórnar:

"Bæjarfulltrúar minnihlutans leggja til að afgreiðslu byggingarleyfis verði frestað. Ekki er hægt að sjá að heimild sé fyrir veitingastað í aðalskipulagi Garðabæjar, enda er Spilda A úr landi Grundar skilgreint sem opið svæði og ekkert deiliskipulag í gildi á svæðinu. Til þess að veita megi byggingarleyfi án deiliskipulagsgerðar að lokinni grenndarkynningu þarf framkvæmd að vera í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar skv. 44. gr. skipulagslaga. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Garðabæjar er svæðið skilgreint sem opið svæði til útivistar. Þar er gert ráð fyrir aðstöðu sem tengist almennri útivist, svo sem stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Fyrirhuguð starfsemi felur hins vegar í sér veislu- og veitingarekstur og viðburðahald fyrir allt að 105 manns. Ekki liggur fyrir að slík starfsemi, veislusalur með rekstrarleyfi í flokki II, rúmist innan þeirrar landnotkunar sem skilgreind er í gildandi aðalskipulagi.

Umsóknaraðili hefur nú þegar framkvæmt í leyfisleysi á svæðinu og haldið úti rekstri án tilskilinna leyfa um nokkurt skeið. Margt fólk er því fylgjandi að rekstur sé á svæðinu, en einnig er mikil andstaða meðal íbúa í næsta nágrenni vegna hávaða. Þá eru umhverfissjónarmið einnig þáttur í málinu, þar sem Breiðabólstaðatjörn nýtur hverfisverndar. Það er að mati minnihlutans sérstaklega mikilvægt í viðkvæmum aðstæðum sem þessum að byggingarleyfi verði ekki notað sem fyrsta skref í ákvörðun um breytta landnotkun.

Standa þarf vörð um fyrirsjáanleika og jafnræði í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Gildandi aðalskipulag á að vera sameiginlegur og fyrirsjáanlegur grundvöllur ákvarðana um landnotkun. Ef verulegar breytingar eru heimilaðar án þess að skýr skipulagsstoð liggi fyrir getur það skapað óvissu um hvernig sambærileg mál verði meðhöndluð síðar og verið tilefni kærumála. Minnihlutinn telur að veiting byggingarleyfis sem gengur gegn gildandi aðalskipulagi setji afar

óheppilegt fordæmi og áréttar mikilvægi þess að íbúar í Garðabæ geti gengið að því vísu að aðalskipulag standi.

Anna Margrét Steingrimsdóttir, varabæjarfulltrúi Framsóknar
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans
Kjartan Atli Kjartansson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar"

Björg Fenger tók til máls og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi. Lagði Björg fram eftirfarandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja áherslu á að málið var grenndarkynnt bæði íbúum og landeigendum á Norðurnesi og þeim þannig gefið fullt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Athugasemdir sem bárust voru teknar til efnislegrar skoðunar og hafa leitt til skýrari og ítarlegri skilyrða um starfsemina í byggingarlýsingu.

Þar eru nú sett afdráttarlaus ákvæði um notkun útisvæða, hávaða og hljóðkerfi, meðal annars um að samkvæmi skuli alfarið færast innandyra á tilteknum tíma og að notkun hljóðkerfa utandyrá sé óheimil. Jafnframt er sérstaklega áréttað að fullt tillit skuli tekið til Breiðabólstaðatjarnar og þeirrar hverfisverndar sem þar gildir.

Fullyrðingar minnihlutans um að ekki hafi verið hlustað á íbúa eða að samráð hafi skort standast því ekki skoðun. Við afgreiðsluna liggur skýrt fyrir að athugasemdir íbúa hafa haft bein áhrif og leitt til efnislegra breytinga og strangari skilyrða um starfsemina.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja ekki málefnalegt að fresta afgreiðslu málsins þar sem brugðist hefur verið við þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið og skýr skilyrði sett til að gæta hagsmuna nágranna og umhverfis með það að markmiði að leita jafnvægis milli atvinnustarfsemis á svæðinu, hagsmuna íbúa og verndar nærumhverfisins."

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Björg Fenger tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Almar Guðmundsson tók til máls og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Anna Margrét Steingrimsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Jón Þór Eggertsson ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Kjartan Atli Kjartansson ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Björg Fenger tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - umsókn um byggingarleyfi, 12.tl. stofnun Hollvínafélags Garðakirkju og 14.tl. gjöf á útilistaverki eftir Pétur Bjarnason myndhöggvara.

Bæjarstjórn óskar Garðbæingum og Garðakirkju til hamingju með 60 ára endurvígsluafmæli

kirkjunnar.

Bæjarráð færir Sigríði Jóhannesdóttur, ekkju Péturs Bjarnasonar myndhöggvara, þakkir fyrir gjöfina á útilistaverkingu "Kringja" eftir Pétur.

Fundargerðin sem er 14.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála:

2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi .

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (AG, BF, MB, HBE, SS, BG, JÞE, ÝÖF) gegn 3 (KAK, ÞÞ, AMS) afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi sem gera m.a. ráð fyrir veislusal til útleigu fyrir allt að 105 manns að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 44.gr.skipulagslaga. Samkvæmt byggingarlýsingu er gert ráð fyrir veitingarými í flokki II. Í þeim flokki eru umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist, og sem almennt kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu. Skipulagsnefnd leggur til að bætt verði við eftirfarandi ákvæðum í byggingarlýsingu á uppdrætti: “- Í samræmi við notkun byggingarinnar í byggingarlýsingu sem veitingarými í flokki II og með tilliti til aðstæðna þá skal samkvæmi vera alfarið innanhúss eftir kl. 23:00 um helgar en kl. 22:00 á virkum dögum. Á sama tíma skal lækka niður í hljóðkerfum og annarri háværri tónlist. - Notkun hljóðkerfa utanhúss er óheimil. - Flugeldanotkun er óheimil nema á þeim tímum sem reglur um almenna notkun kveða á um. - Bálkestir eru óheimilir nema með tilskyldum leyfum. - Ákvæði um notkun hússins sem sett eru fram í þessari byggingarlýsingu skal endurskoða í kjölfar gildistöku deiliskipulags- og aðalskipulagsbreytingar sem nær til svæðisins ef ástæða er til. Umfjöllun byggingarlýsingar um skipulag á svæðinu skal breytt og þar skal standa: - „Lóðin stendur innan svæðis sem skilgreint er sem opið svæði í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Samkvæmt kafla 3.15 í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að á opnum svæðum megi gera ráð fyrir veitingaaðstöðu. Ekkert deiliskipulag er formlega í gildi fyrir svæðið (Norðurnes). „ Skipulagsnefnd mælist til þess að fullt tillit sé tekið til Breiðabólstaðatjarnar sem nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi. Ekki hafa verið mótaðar sérstakar reglur um umgengni í og við tjörnina og beinir nefndin því til umhverfisnefndar að skoða hvort ástæða sé til að móta tillögur þar um. Lögð fram tillaga umhverfissviðs að svörum við athugasemdum sem borist hafa og gerir nefndin engar athugasemdir við þau. Meirihluti skipulagsnefndar samþykkti með 4 atkvæðum (BF, ÁSÁ, AEV og KV) gegn einu (EÞE) að gera ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem byggir á grenndarkynntum gögnum og byggingarlýsingu með ofangreindum breytingum.

2606044 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Bæjargil 3 - Umsókn um byggingarheimild eða - leyfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir gerð bílageymslu á baklóð einbýlishúsalóðarinnar Bæjargils 3 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Byggður flötur byggingar samkvæmt uppdrætti er í samræmi við gildandi deiliskipulag Bæjargils og grenndarkynnta tillögu frá árinu 2008. Umsóknin gerir ráð fyrir gluggalausum kjallara undir bílageymslu og stiga á milli hæða. Nýtingarhlutfall lóðar ef tillit er tekið til flatarmáls kjallara er 0.5 en samkvæmt deiliskipulagi er hámarksnýtingarhlutfall 0.45. Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um breytingu deiliskipulags í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum

að Bæjargili 1, 5, 35 og 37.

2607139 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Skeiðakur 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir nýtingu á gluggalausum kjallarárymum og útitröppu sem tengir þau við verönd. Í skilmálum deiliskipulags grein 1.1.8 segir að stærð neðri hæðar skuli ekki fara yfir 70% af flatarmáli aðalhæðar. Samkvæmt tillögu er flatarmál neðri hæðar orðið stærra en flatarmál efri hæðar. Skipulagsnefnd metur umsóknina sem umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Skeiðakurs 1, 3 og 4 sem og Sandakurs 1 og 3, Seinakurs 2 og Stórakurs 1 og 3.

2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með tíu atkvæðum (AG, BF, MB, HBE, SS, BG, JÞE, ÝÖF, KAK, AMS) gegn einu (ÞÞ) afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis öðru sinni eftir auglýsingu en nú að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingarblaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir skipulagsnefndar (30. apríl 2026) og bæjarstjórnar (7. maí 2026).

2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts öðru sinni eftir auglýsingu en að liðnum framlengdum athugasemdafresti. Fyrir mistök láðist að auglýsa kynningu tillögunnar í Lögbirtingarblaði og í samráði við HMS var athugasemdafrestur framlengdur. Engar athugasemdir bárust innan framlengds athugasemdafrests og standa því fyrri samþykktir skipulagsnefndar (10. apríl 2026) og bæjarstjórnar (16. apríl 2026).

2608272 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hafnarfjarðarvegur dsk frá Lyngási í Engidal.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu að bráðabirgðadeiliskipulagi Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Engidal. Bráðabirgðadeiliskipulag Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási að Vífilsstaðavegi var samþykkt árið 2019. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2606062 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vínatræti 18-26 - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 27. ágúst 2026 varðandi tillögu

að breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3 og háholts. Tillagan var kynnt á fundi skipulagsnefndar 11. júní síðastliðinn. Hugmyndir sem tillagan byggir á var kynnt á íbúafundi 11. mars síðastliðinn. Í tillögu að deiliskipulagsbreytingu felst að: -Skilmálum á lóð Vínatrætis 20-24 er breytt þannig að lóðin verður eftir breytingu lóð fyrir atvinnu og íbúðarhúsnæði. -Samtals er heimilt að byggja allt að 35 íbúðir á lóð, þar af allt að 12 íbúðir minni en 90m² birt stærð -Lóð Vínatrætis 18 er felld niður og verður eftir breytingu hluti af torgi. Lóð nr. 20-24 stækkar en lóð nr. 26 minnkar. -Byggingarreitur á lóð nr. 18 er felldur niður. -Byggingarreitir og kennisnið á lóð Vínatrætis 20-24 breytast. -Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er gerð númerabreyting á lóðum. -Lóð Vínatrætis 20-24 verður eftir breytingu Vínatræti 18-22. Lóð Vínatrætis 26 verður eftir breytingu Vínatræti 24. Lóð Vínatrætis 28 verður eftir breytingu Vínatræti 26. -Kvöð er um gegnumakstur og samnýtingu bílastæða á lóðum Vínatrætis 18-22 og Vínatrætis 24. Sjá skilmálatöflu á skýringarupppdrætti. -Bílastæðakrafa fyrir íbúðir er tvö stæði fyrir íbúðir stærri en 90 m² en eitt stæði fyrir íbúðir minni en 90 m² og bílastæðakrafa fyrir atvinnuhúsnæði er 1 stæði fyrir hverja 35 m² atvinnuhúsnæðis. -Á lóð skulu vera 10 stæði fyrir íbúðir og öll stæði fyrir atvinnurými, staðsett skv. skipulagsupppdrætti og mæliblaði. Öll bílastæði skulu vera innan lóðar. Aðkoma að bílastæðum á lóð og bílgeymslu er frá Vínatræti. Kvöð er um aðkomu að bílastæðalóð og gegnumakstur á lóð. Rekstur, umhirða og viðhald bílastæða og akstursleiða á lóð skal vera á sameiginlegri ábyrgð eigenda húsa á lóðinni í hlutfalli við skiptingu bílastæða á lóðinni. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fallið er frá gerð skipulagslýsingar og forkynningu þar sem að tillagan samræmist gildandi aðalskipulagi.

3. 2608021F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 20/8 '26.

Birkir Guðlaugsson ræddi 2.tl. íþróttir barna og frístund og 5.-31.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Kjartan Atli Kjartansson ræddi 2.tl. íþróttir barna og frístund og 5.-31.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2608007F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 18/8 '26.

Stella Stefánsdóttir ræddi 1.tl. menningardagskrá haust 2026, 2.tl. menningardagskrá fyrir skólahópa haust 2026 og 3.tl. skapandi sumarstörf 2026.

Kjartan Atli Kjartansson ræddi 1.tl. menningardagskrá haust 2026 og fundargerðina.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. menningardagskrá haust 2026, 2.tl. menningardagskrá fyrir skólahópa haust 2026 og fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2608024F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/8 '26.

Björg Fenger ræddi fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2608020F - Fundargerð velferðarráðs frá 21/8 '26.

Ýmir Örn Finnbogason ræddi 1.tl. aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 17/8 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 14/8 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 19/8 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2208694 - Samþykktir Garðabæjar - endurskoðun.

Almar Guðmundsson fór yfir tillögur að breytingum á samþykktum um stjórn Garðabæjar.

Anna Margrét Steingrímsdóttir tók til máls.

Björg Fenger tók til máls.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir með 8 atkvæðum (AG, BF, MB, HBE, SS, BG, JPE, ÝÖF) tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022. 3 (KAK, AMS, ÞÞ) sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að breytingum á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022 skal send innviðaráðuneytinu til staðfestingar.

11. 2606257 - Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar.

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða breytingar á reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar.

12. 2606256 - Stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða breytingar á stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands.

13. 2606460 - Tilnefning áheyrnarfulltrúa í Íþrótt- og tómstundaráð.

Lögð fram tillaga um Guðjón Pétur Lýðsson (G) og Vilborgu Önnu Strange Guðjónsdóttur (S) sem aðaláheyrnarfulltrúa og Hannes Inga Geirsson (G) og Ögmund Árna Sveinsson (S) sem varaáheyrnarfulltrúa í Íþrótt- og tómstundaráði.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. september 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jón Þór Eggertsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Birkir Guðlaugsson, (sign)
Ýmir Örn Finnbogason, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Anna Margrét Steingrímsdóttir, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 3. september 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jón Þor Eggert

Björg Sæver

Þorbjörg Þorvaldardóttir

Hella Helga

Yngvi Þor.

Helga

Margrét Bjarnadóttir

frua Margrét Jóngrims.

Birgir GUÐLAUGSSON

Árn

Þorsteinn Guðn

Bæjarráð Garðabæjar
30. (2225). fundur 2026

Þriðjudaginn 8. september 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2609083 - Forsendur og vinnuferli fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2027 (2027-2030).

Forsendur og vinnuferlar vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2027 (2027-2030) lagðar fram til kynningar.

Fjárhagsáætlun verður lögð fram í bæjarráði fyrir lok október 2026 og tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn 5. nóvember 2026. Síðari umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð 3. desember 2026.

Bæjarráð samþykkir forsendur og vinnuferla fjárhagsáætlunar 2027.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

2. 2607171 - Opnun tilboða í verkið - Eftirlit: Vífilssstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Eftirlit: Vífilssstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi":

1. VSÓ Ráðgjöf ehf., kt. 27.560.000 (101,9%).
2. Hnit verkfræðistofa, kr. 24.373.440 (90,1%).
3. Verkís hf., kr. 26.722.930 (98,8%).
4. Strendingur ehf., kr. 23.608.000 (87,3%).
5. Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf., kr. 20.782.400 (76,8%).
6. VSB Verkfræðistofa, kr. 25.994.000 (96,1%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa er kr. 27.040.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar, að fjárhæð kr. 20.782.400, sem er 76,8% af kostnaðaráætlun.

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra fræðslu- og frísundasviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að liða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða

mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

3. 2609002 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi þann 05.09.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna brúðkaups 5. september 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

4. 2602048 - Drög að stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga til næstu fjögurra ára.

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026-2030 lögð fram.

5. 2608516 - Skipulagsmál á Arnarnesi.

Erindi vegna stígamála, búsvæðaverndar Skerjafjarðar á Arnarnesi rædd.

Bæjarráð vísar erindunum til skoðunar á umhverfissviði og til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

6. 2608517 - Beiðni íbúa í Urriðaholti um afgirt hundasvæði, dags 29.08.26.

Lagður fram undirskriftarlisti vegna afgirts leiksvæðis fyrir hunda innan Garðabæjar.

Afgirt svæði fyrir hunda er við Garðahraunsveg (gamla Álftanesveg) og opið svæði fyrir hunda í landi Bala.

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar á umhverfissviði.

7. 2609095 - Tilnefningar í stjórn og stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Stellu Stefánsdóttir í stjórn Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Jón Þór Eggertsson í stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 8. september 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
31. (2226). fundur 2026

Þriðjudaginn 15. september 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Birkir Guðlaugsson varamaður, Ýmir Örn Finnbogason varamaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029) - endurfjármögnun skammtímaláns.

Á fund bæjarráðs kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lagt er til að Garðabær taki nú 800.000.000 kr. lán, til endurfjármögnunar láns sem er með gjalddaga 16. september 2026.

Fyrir liggur lánsloforð Lánasjóðsins til Garðabæjar fyrir allt að kr. 1.350.000.000, en sú fjárhæð rúmast innan lántökuheimilda Garðabæjar skv. fjárhagsáætlun ársins 2026.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

2. 2304477 - Úthlutun og sala lóða á Hnoðraholti

Bæjarstjóri gerði grein fyrir undirbúningi undir sölumeðferð sérbýlislóða á Hnoðraholti (háholti). Nánar tiltekið er um að ræða 26 einbýlishúsalóðir við Selholt og Stórholt og 1x5 húsa raðhúsalengju, 1x5 húsa raðhúsalengju og 3x6 húsa raðhúsalengjur við Haustbraut. Enn fremur er 18 einingum í raðhúsum við Sólholt sem gert er ráð fyrir að úthlutað verði til félaga sem starfrækt eru á grundvelli laga nr. 153/1998 um byggingarsamvinnufélög og hlotið hafa staðfestingu ráðherra.

Bæjarráð vísar málinu til frekari skoðunar bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs, sem geri bæjarráði tillögu um fyrirkomulag við sölumeðferð lóðanna.

3. 2109388 - Vetrarmýri - sala og úthlutun lóða

Bæjarstjóri gerði grein fyrir mögulegri sölu byggingaréttar á byggingarlóðinni Vetrarbraut 17, sem fram gæti farið samhliða útboðsferli hjúkrunarheimilis að Vetrarbraut 19.

Bæjarráð vísar málinu til frekari skoðunar bæjarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.

4. 2604306 - Innritun í leikskóla Garðabæjar 2026

Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og frístundar, gerði grein fyrir stöðu innritunar barna í leikskóla fyrir haustið 2026.

Innritun hefur gengið vel og hefur börnum sem fædd eru í nóvember og desember 2025 verið boðin leikskólapláss. Fyrir liggur að búið er að bjóða öllum börnum sem fædd eru á árinu 2025 leikskólavist.

5. 2609250 - Reykjanesbraut - Álftanesvegur. Vegtenging.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gerði grein fyrir frumdragavinnu Vegagerðarinnar vegna útfærslu á Reykjanesbraut milli Álftanesvegar og Lækjargötu.

6. 2607098 - Bókun frá 630. fundi stjórnar SSH - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, gerði grein fyrir aðgerðaráætlun farsældarráðs.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

7. 2609198 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi Notendaráð sveitarfélaga, dags. 08.09.26.

Lagt fram erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um notendaráð sveitarfélaga, sem er samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks, öldrunarráðs og ungmennaráðs.

Fyrir liggur að Garðabær hefur skipað fulltrúa í öldungaráð, notendaráð í málefnum fatlaðs fólks og ungmennaráðs.

8. 2604479 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Svalir út fyrir byggingarreit

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. september 2026 varðandi umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði í grein 5.2.5.6 í greinargerð deiliskipulagsins sem kveður á um svalir, gustlokanir og svalaganga. Óskað er eftir því að svalir geti náð út fyrir byggingarreit húshliða sem snúa að götu um 2 metra eins og kveðið er á um svalir sem snúa að inngarði.

Lagt fram minnisblað arkitektastofunnar Arkís þar sem drög að útfærslu byggingar eru sýnd með skýringamyndum.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við að skipulagsstjóri beiti fráviki við útgáfu byggingarleyfis í samræmi 2. og 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 hvað svalir varðar ef að útfærsla verður með þeim hætti eins og skýringarmyndir sýna.

9. 2607020 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hofslundur 11-19 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. september 2026 varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lunda sem gerir ráð fyrir breytingum á byggingarreitum raðhúslengjunnar Hofslundur 11,13,15,17 og 19. Byggingarreitir stækka til suðurs sem veitir heimildir fyrir viðbyggingar, t.a.m. fyrir sólstofur. Innskot í byggingarreit að norðanverðu yrði fellt út til samræmingar við veitt byggingarleyfi.

Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Stella Stefánsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

10. 2605059 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Sameining lóða - E, F, G og K

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. september 2026 varðandi umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingum sem ná til eftirfarandi lóða; E, F, G og K. Helstu breytingar samkvæmt tillögunni yrðu:

Lóðir E og F eru sameinaðar í eina lóð (EF) og stækkaðar. Byggingarreitur neðanjarðar breytist - Göngutenging sem hlykkjast niður Landakur að Ósakri, sem áður lá milli lóða E og F, tilheyrir nú lóð EF. Yfirborð, umsjón og rekstur yrðu áfram á vegum Garðabæjar.

Lóðir G og K eru sameinaðar í eina lóð (GK) og stækkaðar. - Byggingarreitur ofanjarðar (áður á lóð K) breytist, speglast og liggur meðfram Nesakri. - Byggingarreitur neðanjarðar breytist. - Aðkoma að bílakjallara færast. Að öðru leyti haldast almennir skilmálar óbreyttir.

Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að lóð spennistöðvar við Landakur flyst til austur og er það í samræmi við tillögur gatnahönnuða og Veitna.

Lagt fram minnisblað frá Arkís og uppbyggingaraðila þar sem að nánar er gerð grein fyrir útfærslunni.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að gönguleiðin sem liggur á milli Landakurs og Ósakurs haldi þeim gæðum sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir og þá t.d. með því að jarðvegsþekja ofan á bílageymslu verði ekki minni en 50 cm og geti borið öflugan gróður. Þar sem því verður viðkomið utan bílageymslu verði gert ráð fyrir hávaxnari gróðri meðfram gönguleið.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Arnarlands í samræmi við 2.mgr.43.greinar skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml.3.mgr.44.greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að deiliskipulagsbreytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.

11. 2604410 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Arnarland_umsókn um dsk.br. - Útveggir bílakjallara

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. september 2026 varðandi umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði um hámarkshæð útveggja kjallara.

Skipulagsnefnd óskaði eftir ítarlegri gögnum sem myndu sýna hugmyndir uppbyggingaraðila og með hvaða hætti útveggir bílakjallara yrðu útfærðir.

Lagt fram minnisblað arkitektastofunnar Arkís þar sem drög að útfærslu bygginga eru sýndar með skýringamyndum.

Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við að skipulagsstjóri beiti fráviki við útgáfu byggingarleyfis í samræmi 2. og 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 hvað hæðir útveggja bílakjallara varðar ef að útfærsla verður með þeim hætti eins og skýringarmyndir sýna.

12. 2608428 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum rammaáætlunar

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. september 2026 varðandi erindi Háskólans á Akureyri um álit sveitarstjórnar á vindorkuhugmyndum sem eru til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar.

Skipulagsnefnd telur að hugmyndir um vindorkuvirkjanir á Mosfellsheiði verði lítt sýnilegar úr byggð í Garðabæ þó svo að staðsetning þeirra sé innan við 30 km fjarlægð.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerði ekki athugasemd við vindorkukostina.

13. 2609244 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi 18.09.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna fundahalds/kvöldverðar 18. september 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

14. 2609245 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Hlöðunni Álftanesi 19.09.26.

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Hlöðuna á Álftanesi vegna brúðkaups 19. september 2026.

Bæjarráð samþykkir með fjórum atkvæðum (BF, BG, ÝÖF, SS) gegn einu (ÞÞ) að gera ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi hafi verið veitt, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 15. september 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Birkir Guðlaugsson, (sign)

Ýmir Örn Finnbogason, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

3. fundur 2026

Fimmtudaginn 10. september 2026 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Birkir Guðlaugsson formaður, Lára Sif Christiansen aðalmaður, Dúi Þór Jónsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Vilborg Anna S. Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurður Sveinn Þórðarson varamaður, Hannes Ingi Geirsson varaáheyrnarfulltrúi og Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gestur fundarins við fyrsta lið var Hákon Hjartarson umsjónarmaður Vinnuskóla Garðabæjar sumarið 2026.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605029 - Vinnuskóli Garðabæjar 2026

Hákon Hjartarson fór yfir skýrslu um Vinnuskólann sumarið 2026.

2. 2608236 - Afreksstyrkir 2026 - seinni húthlutun

ÍTG fór yfir umsóknir félaga um afreksstyrki til einstaklinga og hópa vegna seinni úthlutunar ársins 2026.

Áður hefur verið úthlutað 2.000.000 kr. í febrúar 2026. Til úthlutunar nú er 1.600.000 kr.

Sótt var um fyrir fimmtán aðila í sjö félögum.

Vegna takmarkaðra fjármuna til ráðstöfunar var ákveðið að úthluta aðeins þeim sem ekki hafa fengið úthlutun áður á þessu ári.

Félag - Íþróttamaður

GKG - Gunnlaugur Árni Sveinsson hefur áður fengið úthlutað á árinu.

Boginn - Þórdís Unnur Bjarkadóttir hefur áður fengið úthlutað á árinu.

ÍFR - Hákon Atli Bjarkason hefur áður fengið úthlutað á árinu.

Dansfél. Rvk - Freyja Örk Sigurðardóttir hefur áður fengið úthlutað á árinu.

Hvönn - Hanna Rún Bazev og Nikita Bazev fá 300.000 kr.

GKG - Sigurður Arnar Garðarsson fær 300.000 kr.

GKG - Hlynur Bergsson fær úthlutað 200.000 kr.

GKG - Embla Hrönn Hallsdóttir fær úthlutað 100.000 kr.

GKG - Björn Breki Halldórsson fær úthlutað 100.000 kr.

GKG - Guðjón Frans Halldórsson fær úthlutað 100.000 kr.

GKG - Ragnar Már Garðarsson fær úthlutað 100.000 kr.

Skotfélag Kóp - Þór Þórhallsson fær úthlutað 100.000 kr.

Sprettur - Herdís Björg Jóhannsdóttir fær úthlutað 100.000 kr.

Sprettur - Guðný Dís Jónsdóttir fær úthlutað 100.000 kr.

Sprettur - Elva Rún Jónsdóttir fær úthlutað 100.000 kr.

3. 2609193 - Styrkumsókn vegna fótbolta fyrir alla Stjarnan Öspin 2026 til 2027

ÍTG samþykkir að veita kr. 1000.000 í styrk vegna verkefnisins "fótbolti fyrir alla" í samstarfi Stjórnunnar og Asparinnar veturinn 2026 til 2027.

4. 2206154 - Miðgarður 2. og 3. hæð

"Greinargerð ÍTG um óráðstafað rými í Miðgarði" frá maí 2023 var lögð fram til upplýsingar fyrir nýja nefndarmeðlimi ÍTG.

Nú er í undirbúningi að halda áfram innréttingum á 3. hæð Miðgarðs út frá þeirri þarfagreiningu sem unnin var í samráði við félög innan bæjarins o.fl. aðila á árunum 2022 til vors 2023.

5. 2609187 - Forvarnavika Garðabæjar 2026

Forvarnavika Garðabæjar verður haldin 4.-11.nóv 2026.

Yfirskriftin er "Vinur, leikur, lærdómur" allt byrjar á mætingu hver dagur skiptir máli!"

Hver skóli og stofnun vinnur sína dagskrá og miðlar til foreldra.

Sérstakur fundur verður með skólastjórnendum og forstöðumönnum um niðurstöður ÍÆ og merkingu þeirra fyrir forvarnastarf hér í Garðabæ.

ÍTG bendir á mikilvægi þess að hvetja félög innan bæjarins til að taka þátt í forvarnavikunni.

6. 2609118 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir að vegna takmarkaðra fjármuna til ráðstöfunar að úthluta aðeins þeim sem ekki hafa fengið úthlutun áður á þessu árinu 2026.

Umsókn þessari um úthlutun er því hafnað.

7. 2508331 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

Þessi umsókn þessi er um ferðastyrk, ekki afrekssstyrk! Af þeim sökum er umsókninni hafnað og umsækjanda bent á að setja inn umsókn um "ferðastyrk vegna landsliðsferða".

8. 2609116 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk að upphæð kr. 100.000 til GKG vegna Emblu Hrannar Hallsdóttur

9. 2609115 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk til GKG kr. 100.000 vegna Björns Breka Halldórssonar

10. 2609114 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk til GKG kr 100.000 vegna Guðjóns Frans Halldórssonar

11. 2609109 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk til Hestamannafélagsins Spretts kr. 100.000 vegna Elvu Rúnar Jónsdóttur.

12. 2609111 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk til Hestamannafélagsins Spretts kr. 100.000 vegna Herðisar Bjargar Jóhannsdóttur.

13. 2609110 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttar- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir afrekssstyrk til Hestamannafélagsins Spretts kr. 100.000 vegna Guðnýjar Dísar Jónsdóttur.

- 14. 2609107 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir að vegna takmarkaðra fjármuna til ráðstöfunar að úthluta aðeins þeim sem ekki hafa fengið úthlutun áður á þessu árinu 2026.
Umsókn þinni um úthlutun er því hafnað. Næsta úthlutun er í febrúar 2027.
- 15. 2609105 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir afreksstyrk til GKG kr. 200.000 vegna Hlyns Bergssonar.
- 16. 2609100 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir afreksstyrk til GKG kr. 200.000 vegna Ragnars Más Garðarssonar.
- 17. 2609099 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir að vegna takmarkaðra fjármuna til ráðstöfunar að úthluta aðeins þeim sem ekki hafa fengið úthlutun áður á þessu árinu 2026.
Umsókn þessari um úthlutun er því hafnað.
- 18. 2609080 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir afreksstyrk til GKG kr. 300.000 vegna Sigurðar Arnars Garðarssonar.
- 19. 2609010 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir að vegna takmarkaðra fjármuna til ráðstöfunar að úthluta aðeins þeim sem ekki hafa fengið úthlutun áður á þessu árinu 2026.
Umsókn þessari um úthlutun er því hafnað.
- 20. 2608495 - Umsókn um styrk úr afrekssjóði íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir afreksstyrk til Dansfélagsins Hvönn kr. 300.000 fegna dansparsins Hönnu Rúnar og Nikita Basev.
- 21. 2604544 - Umsókn um styrk vegna persónulegs búnaðar í keppni fatlaðra**
ÍTG samþykkir afreksstyrk í framhaldi af umsókn til kaupa á keppnisbúnaði fyrir Þór Þórhallsson skotíþróttamann úr röðum fatlaðra.
- 22. 2609061 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Elísabetar Benediktsdóttur vegna Norðurlandamóts Íslenska hestsins í Svíþjóð 27.júlí til 2. ágúst 2026
- 23. 2609013 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Emblu Daggar Hannesdóttur vegna Genuine Cup í knattspyrnu fatlaðra Houston Texas 26. júlí 2026.
- 24. 2608447 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kormáks Nóa Jack vegna Evrópumóts B U16 í körfubolta sem fram fór í Norður Makedóníu 4. til 16. ágúst 2026.

25. 2608300 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Guðnýjar Dísar Jónsdóttur vegna NM U21 í hestaíþróttum í Svíþjóð 27.júlí til 10. ágúst 2026.

26. 2608278 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Hönnu Jónu Sigurjónsdóttur vegna HM í kraftlyftingum í Druskininkai, Litháen 18.júní 2026.

27. 2609117 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Benjamíns Fanndals Sturlusonar vegna HM ungmenna í kraftlyftingum í Suður Afríku 21. ágúst 2026.

28. 2609101 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Ragnheiðar Sigurðardóttur vegna EM liða á vegum Golfsambands Íslands 30. ágúst 2026.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
3. fundur 2026

Miðvikudaginn 9. september 2026 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Páll Árnason aðalmaður, Eydís Sigurðardóttir aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rósanna Andrésdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Elín Ósk Þorsteinsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Jóhanna Gunnarsdóttir fulltrúi kennara og Sara Sól Hannesdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608153 - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdegi Sunnuhvoll

Beiðni leikskólans Sunnuhvals um tilfærslu á skipulagsdegi var tekin fyrir og hún samþykkt. Leikskólanefnd leggur til að leikskólastjórnendur meti framvegis, í samráði við leikskólafulltrúa, hvaða skipulagsdagar verði færðir til þegar óskir um slíkar breytingar koma fram. Við það mat verði sérstaklega horft til þess að samræma tilfærslur eins og kostur er þegar fleiri en einn leikskóli óskar eftir breytingum á sama tímabili, með það að markmiði að draga úr áhrifum á forráðafólk og börn.

2. 2608192 - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdegi Krakkakot

Beiðni leikskólans Krakkakots um tilfærslu á skipulagsdegi var tekin fyrir og hún samþykkt. Leikskólanefnd leggur til að leikskólastjórnendur meti framvegis, í samráði við leikskólafulltrúa, hvaða skipulagsdagar verði færðir til þegar óskir um slíkar breytingar koma fram. Við það mat verði sérstaklega horft til þess að samræma tilfærslur eins og kostur er þegar fleiri en einn leikskóli óskar eftir breytingum á sama tímabili, með það að markmiði að draga úr áhrifum á forráðafólk og börn.

3. 2609062 - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdegi 5 ára deild Sjálandsskóla

Beiðni 5 ára deildar Sjálandsskóla um tilfærslu á skipulagsdegi var tekin fyrir og hún samþykkt. Leikskólanefnd leggur til að leikskólastjórnendur meti framvegis, í samráði við leikskólafulltrúa, hvaða skipulagsdagar verði færðir til þegar óskir um slíkar breytingar koma fram. Við það mat verði sérstaklega horft til þess að samræma tilfærslur eins og kostur er þegar fleiri en einn leikskóli óskar eftir breytingum á sama tímabili, með það að markmiði að draga úr áhrifum á forráðafólk og börn.

4. 2609146 - Beiðni um tilfærslu á skipulagsdegi Akrar

Beiðni leikskólans Akra um tilfærslu á skipulagsdegi var tekin fyrir og hún samþykkt. Leikskólanefnd leggur til að leikskólastjórnendur meti framvegis, í samráði við leikskólafulltrúa, hvaða skipulagsdagar verði færðir til þegar óskir um slíkar breytingar koma fram. Við það mat verði sérstaklega horft til þess að samræma tilfærslur eins og kostur er þegar fleiri en einn leikskóli óskar eftir breytingum á sama tímabili, með það að markmiði að draga úr áhrifum á forráðafólk og börn.

5. 2607098 - Bókun frá 630. fundi stjórnar SSH - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2027 var lögð fram til kynningar. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs kynnti og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
74. fundur 2026

Þriðjudaginn 8. september 2026 kl. 17:00 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Halldór Snær Lárusson aðalmaður, Egill Trausti Ómarsson aðalmaður, Harpa Grétarsdóttir aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608086 - Væntingar og sýn

Nefndarmeðlimir deildu sýn sinni á menningarmálum.

2. 2608229 - Tillaga um árlega bæjarhátíð í Garðabæ

Nefndin var jákvæð gagnvart tillögunni. Nýliðin afmælishátíð var rædd og möguleikar á bæjarhátíð.

3. 2201264 - Gjóf á verki eftir Pétur Bjarnason

Menningar-og safnanefnd fagnar gjöfinni og þakkar fyrir.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

12. fundur 2026

Fimmtudaginn 10. september 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Ásgeir Sigurður Ágústsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Agla Eir Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson varamaður, Guðjón Pétur Lýðsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri og Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

HEB kom inn á fund undir 9.fundarlið.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606437 - Landakot II - Fyrirspurn til umhverfisviðs

Lögð fram fyrirspurn eigenda Landakots II er varðar hugmynd um stækkun lóðar til suðurs og fjölgun íbúða á lóð úr þremur í fjórar í deiliskipulagi. Ekki er fyrirhugað að auka byggingarmagn á lóðinni en hugmyndin gerir ráð fyrir pöllum og stigum við húshliðar. Húsið er fyrrverandi útihús á jörðinni Landakoti en í því er ein samþykkt íbúð, 76 m² og tvær geymslur, 198 og 148 m². Á lóð Landakots 1A og 1B eru tvær íbúðir.

Landakot er innan deiliskipulagssvæðis Landakots-og Deildar (Hólmatún) sem var samþykkt 1998. Deiliskipulagsbreyting tók gildi að loknu deiliskipulagsferli í júní árið 2023 og veitir sú breyting heimild til þess að samþykkja allt að 3 íbúðir á lóð Landakots II. Fjölgun um eina íbúð er því ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stækkun lóðar um 10 metra til suðurs og að íbúðum fjölgi um eina eins og fram kemur í fyrirspurn en lækka skal viðmiðunar nýtingarhlutfall sem nemur þeirri stækkun lóðar þar sem að grunnflötur húss er óbreyttur. Nefndin gerir ekki athugasemd við að gert verði ráð fyrir útípöllum og útitröppum við og utan á nústandandi húsi. Hugmyndirnar kalla á breytingu á gildandi deiliskipulagi sem sækja þarf um. Samkomulag um kaup á landi þarf að liggja fyrir áður en hægt verður að taka fyrir breytingartillögu.

2. 2604570 - Hátún 5B - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

Lögð fram beiðni lóðarhafa að Hátúni 5B um staðsetningu 15 m² smáhýsis á lóð sem yrði staðsett við lóðarmörk að norðanverðu að opnu svæði í eigu Garðabæjar og lóðarmörk að austanverðu að Hátúni 7A. Samþykki lóðarhafa að Hátúni 7A liggur fyrir. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir hönd Garðabæjar staðsetningu smáhýsis sem er staðsett 0,5 metra frá lóðarmörkum að opnu svæði. Hæð smáhýsis skal ekki vera herra en 2,5 m og því í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um smáhýsi sem eru undanþegin byggingarleyfi. Runnagróður skal koma á milli smáhýsis og lóðarmarka.

3. 2410234 - Hátún 7A - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

Lögð fram beiðni lóðarhafa að Hátúni 7A um staðsetningu 15 m² smáhýsis á lóð sem yrði staðsett við lóðarmörk að norðanverðu að opnu svæði í eigu Garðabæjar og lóðarmörk að vestanverðu að Hátúni 5B. Samþykki lóðarhafa að Hátúni 5B liggur fyrir. Einnig er óskað eftir því að reisa 1,2 m háa girðingu á lóðarmörkum að opnu svæði. Hæð girðingar er í samræmi við samþykkt Garðabæjar um veggir og girðingar og gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við hana. Skipulagsnefnd samþykkir fyrir hönd Garðabæjar staðsetningu smáhýsis sem er staðsett 0,5

metra frá lóðarmörkum að opnu svæði. Hæð smáhýsis er samkvæmt teikningu 2,5 m og því í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um smáhýsi sem eru undanþegin byggingarleyfi. Runnagróður skal koma á milli smáhýsis og lóðarmarka.

4. 2603543 - Olís Hafnarfjarðarvegi - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn Olís um breytingar á deiliskipulagi. Einnig lögð fram greinargerð þar sem sett er fram framtíðarsýn Olís fyrir bensínstöðina og nágrenni hennar þar sem settar eru fram hugmyndir um nýtingu lóðarinnar.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

5. 2602060 - Stöðuleyfi fyrir gufubaðshús á Álftanesi - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir saunahús. Sótt er um leyfi til að koma fyrir færanlegu saunuhýsi við Haukshús við Helguvík.

Skipulagsnefnd telur ekki tímabært að veita stöðuleyfi fyrir saunahús við Haukshús þar sem að ekki liggur fyrir hvaða starfsemi mun verða við Haukshús á næstunni.

6. 2605134 - Iðnbúð 2 - matarvagn - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um stöðuleyfi fyrir matarvagn innan lóðarinnar Iðnbúð 2.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði tímabundið stöðuleyfi innan lóðar á meðan að aðrir eigendur eigna innan lóðarinnar eru því samþykkrir.

7. 2607020 - Hofslundur 11 - 19 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Lunda sem gerir ráð fyrir breytingum á byggingarreitum raðhúslengjunnar Hofslundur 11,13,15,17 og 19. Byggingarreitir stækka til suðurs sem veitir heimildir fyrir viðbyggingar, t.a.m. fyrir sólstofur. Innskot í byggingarreit að norðanverðu yrði fellt út til samræmingar við veitt byggingarleyfi.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

8. 2608097 - Þorraholt 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um breikkun efri innkeyrslu að lóðinni Þorraholti 2-4 þar sem Hekla hf hefur byggt aðalbækistöð sína. Innkeyrsla breikkar samkvæmt tillögu úr 6 m í 11 m. Markmiðið er að draga úr hættu á árekstrum ökutækja og gera umferð þjálí.

Lagt fram Minnisblað verkfræðistofunnar Eflu dags. 28.8.2026.

Skipulagsnefnd vísar tillögu og umsögn til skoðunar hjá umhverfissviði.

9. 2605395 - Eskiás - Bílastæði - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn húsfélaga í Eskiási um hugsanlega fjölgun bílastæða í götu og innan lóða á kostnað gróðurbeða.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

10. 2306521 - Stórás - breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir því að lokað verði fyrir

tengingu Stórass við Ásabraut á móts við Breiðás. Einnig lagt fram minnisblað Eflu sem mælir með lokun á þessum stað.

Tilgangur tillögunnar er að draga úr gegnumakstri um Stórás milli Ásabrautar að Lyngáss.

Tillagan gerir einnig ráð fyrir bílastæðum meðfram Stórasi að norðanverðu.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

11. 2604479 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Svalir út fyrir byggingarreit

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði í grein 5.2.5.6 í greinargerð deiliskipulagsins sem kveður á um svalir, gustlokanir og svalaganga. Óskað er eftir því að svalir geti náð út fyrir byggingarreit húshliða sem snúa að götu um 2 metra eins og kveðið er á um svalir sem snúa að inngarði.

Lagt fram minnisblað arkitektastofunnar Arkís þar sem drög að útfærslu byggingar eru sýnd með skýringamyndum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri beiti fráviki við útgáfu byggingarleyfis í samræmi 2. og 3. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 hvað svalir varðar ef að útfærsla verður með þeim hætti eins og skýringarmyndir sýna.

12. 2605059 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Sameining lóða - E, F, G og K

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingum sem ná til eftirfarandi lóða; E, F, G og K.

Helstu breytingar samkvæmt tillögunni yrðu:

Lóðir E og F eru sameinaðar í eina lóð (EF) og stækkaðar. Byggingarreitur neðanjarðar breytist - Göngutenging sem hlykkjast niður Landakur að Ósakri, sem áður lá milli lóða E og F, tilheyrir nú lóð EF. Yfirborð, umsjón og rekstur yrðu áfram á vegum Garðabæjar.

Lóðir G og K eru sameinaðar í eina lóð (GK) og stækkaðar. - Byggingarreitur ofanjarðar (áður á lóð K) breytist, speglast og liggur meðfram Nesakri. - Byggingarreitur neðanjarðar breytist. - Aðkoma að bílakjallara færist. Að öðru leyti haldast almennir skilmálar óbreyttir.

Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að lóð spennistöðvar við Landakur flyst til austur og er það í samræmi við tillögur gatnahönnuða og Veitna.

Lagt fram minnisblað frá Arkís og uppbyggingaraðila þar sem að nánar er gerð grein fyrir útfærslunni.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að gönguleiðin sem liggur á milli Landakurs og Ósakurs haldi þeim gæðum sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir og þá t.d. með því að jarðvegsþekja ofan á bílageymslu verði ekki minni en 50 cm og geti borið öflugan gróður. Þar sem því verður viðkomið utan bílageymslu verði að ráð fyrir hávaxnari gróðri meðfram gönguleið.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Arnarlands í samræmi við 2.mgr.43.greinar skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml.3.mgr.44.greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að deiliskipulagsbreytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.

13. 2604410 - Arnarland_umsókn um dsk.br. - Útveggir bílakjallara

Lögð fram umsókn landeiganda og uppbyggingaraðila Arnarlands um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæði um hámarkshæð útveggja kjallara.

Skipulagsnefnd óskaði á síðasta fundi eftir ítarlegri gögnum sem myndu sýna hugmyndir

uppbyggingaraðila og með hvaða hætti útveggir bílakjallara yrðu útfærðir.

Lagt fram minnisblað arkitektastofunnar Arkís þar sem drög að útfærslu bygginga eru sýndar með skýringamyndum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri beiti fráviki við útgáfu byggingarleyfis í samræmi 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hvað hæðir útveggja bílakjallara varðar ef að útfærsla verður með þeim hætti eins og skýringarmyndir sýna.

14. 2607221 - Arnarland - Umsókn um dsk.br. Djúpgámar - bílastæði fyrir hreyfihamlaða

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa sem snýr að staðsetningu djúpgáma í Arnarlandi fyrir lóð E og F og bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Lögð fram umsögn VSB verkfræðistofu.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

15. 2608428 - Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum rammaáætlunar

Lagt fram erindi Háskólans á Akureyri varðandi álit sveitarstjórnar á vindorkuhugmyndum sem eru til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar.

Skipulagsnefnd telur að hugmyndir um vindorkuvirkjanir á Mosfellsheiði verði lítt sýnilegar úr byggð í Garðabæ þó svo að staðsetning þeirra sé innan við 30 km fjarlægð.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við vindorkukostina.

16. 2608004F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

16.1 2608066 - Framkvæmdarleyfi - Arnarnesvegur einhalla hraðahindrun

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram umsókn um framkvæmdarleyfi vegna framkvæmda á Arnarnesvegi vegna einhalla hraðahindrunar á göngubraut yfir Arnarnesveg. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar

2. fundur 2026

Miðvikudaginn 2. september 2026 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Guðjón Þór Þorsteinsson aðalmaður, Rakel Margrét Viggósdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Anna Margrét Steingrimsdóttir áheyrnarfulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Hannes Ingi Geirsson fulltrúi kennara, Guðbjörg Birna Björnsdóttir fulltrúi foreldra, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og Laufey Ólafsdóttir fulltrúi skólastjóra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608481 - Starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar 2026-2027

Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar fór yfir upphaf skólaársins og starfið á haustönn.

2. 2607098 - Bókun frá 630. fundi stjórnar SSH - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030

Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 lögð fram til kynningar. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

Skólanefnd fagnar aðgerðaráætluninni og óskar eftir að fá með reglubundnum hætti upplýsingar um stöðu innleiðingar farsældarlaga í Garðabæ. Óskað er eftir kynningu á stöðunni frá verkefnastjóra innleiðingar farsældar á næstu mánuðum.

3. 2608432 - Ársskýrslur grunnskóla 2025-2026

Lagðar voru fram ársskýrslur grunnskóla skólaársins 2025-2026. Skólanefnd færir þakkir til skólafólks fyrir faglegar og vel unnar ársskýrslur. Þær bera vott um metnaðarfullt og gott skólastarf auk þess sem þær eru mikilvæg heimild og tæki til stefnumótunar í skólastarfinu. Skólanefnd telur að skoða mætti frekari samræmingar. Skólanefnd vísar málinu til fræðslu- og frístundasvið til frekari skoðunar með skólastjórnendum.

4. 2608433 - Skólabyrjun 2026-2027. Fjöldi nemenda og fleiri upplýsingar

Grunnskólafulltrúi fór yfir skólabyrjun 2026-2027. Við upphaf skólaársins hófu 2658 nemendur nám í grunnskólum í Garðabæ. 336 nemendur hófu nám í 1. bekk og 246 nemendur í 10. bekk sem munu ljúka grunnskólagöngu vorið 2027. Farið var yfir helstu áherslur í skólastarfinu á skólaárinu.

5. 2405508 - Þrepaskipt skólaþjónusta í leik- og grunnskólum Garðabæjar

Grunnskólafulltrúi kynnti þrepaskipta skólaþjónustu í leik- og grunnskólum, innleiðing hófst í

janúar 2026. Þrepaskipt skólaþjónusta er heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skólum þar sem þverfagleg teymi kennara og fagfólks skipuleggja stuðningsúrræði fyrir einstaka nemendur.

6. 2608434 - Viðmið um skólasókn í grunnskólum Garðabæjar

Grunnskólafulltrúi kynnti viðmið Garðabæjar um skólasókn og viðbrögð við fjarveru. Farið var yfir mikilvægi snemmtæks stuðnings, skýra verkferla vegna fjarveru með tengslamiðaðri nálgun þar sem áhersla er lögð á traust samstarf nemenda, heimila og skóla til að styðja við skólasókn.

7. 2608439 - Fundir skólanefndar 2026-2027 helstu áherslur.

Farið var yfir störf og hlutverk skólanefndar. Formaður fór yfir helstu áherslur næsta skólaárs. Skólanefnd felur fræðslu- og frístundasviði að taka saman upplýsingar um hvernig komið er til móts við þarfir bráðgerra nemenda í grunnskólum Garðabæjar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
3 (26-30). fundur 2026

Miðvikudaginn 9. september 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jón Þór Eggertsson formaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Loftsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Anna Gréta Hafsteinsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2604143 - Mengunarmælingar 2026

Sigrún Hrönn Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi kynnti niðurstöður á reglubundinni vöktun yfirborðsvatns og strandsjávarmengunarmælingum ásamt loftgæðamælingum í Garðabæ.

2. 2609043 - Umhverfishópar 2026

Skýrslan lögð fram. Umhverfisnefnd lýsir ánægju með öflugt og fjölbreytt starf umhverfishópanna og þakkar ungmennum og starfsfólki fyrir mikilvægt framlag til umhirðu og fegrunar bæjarins.

3. 2605278 - Evrópsk samgönguvika 2026

Frá árinu 2002 hafa borgir og bæir á Íslandi tekið þátt í samstilltu átaki sveitarfélaga í Evrópu um að ýta undir sjálfbærar samgöngur. Yfirskrift átakins er Evrópsk Samgönguvika og er hún haldin 16.- 22. september ár hvert. Markmið vikunnar er að kynna íbúum í þéttbýli samgöngumáta sem allt í senn eru vistvænir, hagkvæmir og bæta heilsu fólks um leið og þeir hafa jákvæð áhrif á umhverfi og andrúmsloft.

Þema samgönguviku í ár er Samgöngur fyrir öll

4. 2608428 - Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum rammaáætlunar

Málið rætt. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að við mat á vindorkukostum verði tekið tillit til náttúruverndar, landslags, útivistargildis, ásyndar og mögulegra áhrifa tengdra innviða á hagsmuni Garðabæjar og íbúa hans.

5. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Lagðar fram þær athugasemdir og umsagnir við deiliskipulagi Gálgahrauns sem bárust á auglýsingartíma. Hrönn Hafliðadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Garðabæ gerði grein fyrir markmiðum deiliskipulagsins. Umhverfisnefnd tekur undir markmið deiliskipulagsins um vernd, fræðslu og stýrt aðgengi. Nefndin leggur áherslu á að tekið verði tillit til umsagna Náttúruverndarstofnunar og Náttúrufræðistofnunar við áframhaldandi vinnslu málsins, að valkostir um legu, breidd, yfirborð og lýsingu stíga verði bornir saman og að ekki verði ráðist í óafturkræft rask á friðlandinu. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að deiliskipulag svæðisins og stjórnunar- og verndaráætlun verði unnin í nánu samhengi.

Ungmennaráð Garðabæjar

5. fundur 2026

Fimmtudaginn 27. ágúst 2026 kl. 18:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Emilía Ósk Hauksdóttir, Eva María Friðbergsdóttir, Freyja Huginsdóttir, Helgi Freyr Davíðsson, María Draumey Kjærnested, Ndeshipanda Maggy Ashipala, Vilhjálmur H. Joh. Vilhjálmsson og Tómas Þór Jacobsen.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2608451 - Erindisbréf ungmennaráðs.

Farið yfir erindisbréf ungmennaráðs og hugmyndir um breytingar á því.

2. 2608451 - Áhersluatriði ungmennaráðs skólaárið 2026-2027.

Áherslumál ungmennaráðs skólaárið 2026-2027 rædd.

Opnunartímar sundlauga og ungmennahúss rædd.

Hugmyndir um mögulegt samstarf við aðrar nefndir Garðabæjar rædd.

Jafnframt voru mögulegar heimsóknir ungmennaráðs í félagsmiðstöðvar Garðabæjar ræddar.

Hugmyndir að aðstöðu við Ásgarðslaug rædd.

Hugmynd kom upp um að fá upplýsingaskilti um fugla á Álftanesi (Álftanesveg).

Leiðarkerfi strætó rædd.

Ýmis mál til úrbóta í nærumhverfi Garðabæjar rædd, svo sem verslanir, lýsingu knattspyrnuvalla, rafhlaupahjól og aðstöðu fyrir þau. Ábending kom fram um að fjölga reiðhjólasterðum í bænum.

Ungmennaráð vill reyna að auka aðgengi ungmenna að ráðinu og hvetja ungmenni til að koma hugmyndum sínum á framfæri við ráðið.

3. 2608451 - Fundartímar

Formanni og varaformanni falið að undirbúa hentugan fundartíma fyrir ungmennaráð.

4. 2608451 - Ungmennapíng

Stefnt er að því að halda Ungmennapíng vikuna 26. október til 1. nóvember. Þar þarf að huga að samstarfi við skólastjórnendur í Garðabæ.

5. 2608451 - Myndbandsverkefni fyrir UNICEF.

UNICEF hefur beðið um stutt kynningarmyndband um ungmennaráðið og verkefni þess. Nefndarmenn lýstu yfir áhuga á að taka þátt í undirbúningi við gerð myndbandsins.

6. 2608451 - Önnur mál.

Námskeið frá Kvan fyrir ungmennaráð var kynnt.

Rætt var um ráðstefnu UMFÍ undir yfirskriftinni ungt fólk og lýðheisla, sem fram mun fara dagana 18.-20. september að Reykjum.

Farið var yfir vinnureglur fyrir ungmennaráðið þar sem settur er rammi fyrir hlutverk nefndarmanna.

Farið var yfir reglur formanns-, varaformanns og stjórnarmeðlima og þær samþykktar.

Farið var yfir almennar reglur og voru þær samþykktar.

Ungmennaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að reglum fyrir ráðið sem taka eiga gildi 1. september 2026.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 3. fundur 2026

Fimmtudaginn 10. september 2026 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Berglind Víðisdóttir formaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir, Helgi Halldórsson, Inga Jóna Óskarsdóttir, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sólveig Valgeirsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2609176 - Kynning á félagsstarfi eldra fólks í Garðabæ

Kynning á félagsstarfi eldra fólks í Garðabæ. Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðva eldra fólks kynnti starfið sem framundan er.

2. 2609175 - Hreyfivika Evrópu 2026

Kynning á dagskrá Garðabæjar tengt hreyfiviku í Evrópu. Öldungaráð telur mikilvægt að taka þátt í slíkum verkefnum til þess að auka vitund um mikilvægi hreyfingar og virkni og stuðla að bættum lífsgæðum eldra fólks.

3. 2607085 - Spretthópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis og lífsgæðakjarna í Vetrarmýri.

Kynning á vinnu spretthóps um uppbyggingu hjúkrunarheimilis og lífsgæðakjarna í Vetrarmýri. Harpa Rós Gísladóttir, fulltrúi spretthópsins sat fundinn undir þessum lið og fór yfir verkefni hópsins. Öldungaráð lýsir ánægju sinni með þá vinnu sem hefur átt sér stað og framundan er í málefnum eldra fólks.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

47. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 2.9.2026

Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Pórey S. Þórsdóttir formaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Þórarinn Örn Andrésson aðalmaður

Jóhann Friðleifsson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Ásgeir Bjarnason aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Verkefni sveitarfélaga við niðurlagningu heilbrigðisnefnda

Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hefur ákveðið að stofna sameiginlegan starfshóp þar sem verða fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar og fulltrúar sveitarfélaganna. Markmið hópsins er að skilgreina betur þau verkefni sem verða eftir hjá sveitarfélögunum þegar heilbrigðisnefndar verða lagðar niður.

Skiptar skoðanir eru um þau verkefni sem munu sitja eftir hjá sveitarfélögunum og ljóst að lögin gera ráð fyrir að þetta fari eftir áhuga sveitarfélaganna á að sinna viðkomandi verkefnum, þar sem lögin gera ráð fyrir að sveitarfélögin hafi heimild til að stofna byggðasamlög um ákveðin verkefni, en það sé valkvætt og því þurfi að ákvarða hvort ástæða er til slíks samstarfs.

Heilbrigðisnefnd kallar eftir sjónarmiðum þeirra bæjarfélaga sem standa að heilbrigðiseftirlitinu á því hvaða áherslur skuli leggja á þau verkefni sem eru valkvæð samkvæmt þeim lagabreytingum sem samþykktar voru í sumarbyrjun.

2. Dagskrárliður: Fyrirkomulag varðandi vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Umhverfis- og orkustofnun hefur lagt í samráðsgátt breytingar á 57 reglugerðum þar sem fjallað er um þau verkefni sem heilbrigðisnefndir hafa haft yfirumsjón með. Reglugerð um neysluvatn nr.536/2001 sem sett er með stöðum í lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr.93/1995 um matvæli. Stjórnvöld hafa ekki lagt fram breytingartillögur á þessari reglugerð, en hún er hryggjastykki í þeirri vatnsverndarsamþykkt sem nú er í gildi. Ljóst er að ekki verður hægt að hefja vinnu við breytingar á þeirri vatnsverndarsamþykkt fyrr en ákveðið hefur verið með hvaða hætti verkefni sem tengjast vatnsvernd skiptast. Gildir það bæði um framkvæmdir og eftirlit með vatnsverndarsvæðum. Heilbrigðisnefnd furðar sig á því að ekki liggi fyrir tillögur um breytingar á neysluvatnsreglugerðinni, en samkvæmt breytingum á lögum um hollustuhætti nr.7/1998 er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti sett

JSF Aem Psp

sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi vatnsverndar og þeirra samþykktu sem gilda um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og því sé mikilvægt að nú þegar verði eytt þeirri óvissu sem er um þennan málaflokk.

3. Dagskrárliður: Hreinsun lenda og lóða

Svo virðist sem samkvæmt fyrirhuguðum breytingum eiga sveitarfélög að sinna verkefnum sem snúa að umgengni á lóðum og almennu hreinlæti utan húss. Ljóst er að þessi aðgreining á verkefnum Umhverfis- og orkustofnunnar og verkefnum sveitarfélaganna er ekki svarað með lagabreytingunum og alls ekki í þeim breytingum sem liggja fyrir á reglugerð um hollustuhætti. Í umsögn sem send var í samráðsgátt frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja er rakið dæmi um þá álitamál sem geta komið upp; "Taka má sem dæmi númerslausa bifreið sem stendur á víðavangi, við veg eða á öðru opnu svæði og lekur olíu, glussa, frostlegi eða kælivökva. Einnig getur kælimiðill úr loftræstikerfi bifreiðarinnar hafa lekið út. Slík bifreið getur samtímis verið númerslaut ökutæk, bílflak, lausamunur, úrgangur, lýti á umhverfinu og mengunarvaldur. Hún getur þannig fallið undir reglugerð um hollustuhætti, reglugerð um meðhöndlun úrgangs og eftir atvikum reglur um mengunarvarnir og spilliefni. Samkvæmt núverandi kerfi getur heilbrigðiseftirlitið brugðist við með einum samræmdum hætti. Eftir fyrirhugaðar breytingar er hins vegar ekki ljóst hvort sveitarfélagið megi láta fjarlægja bifreiðina sem lausamun eða úrgang, hvort UOS þurfi fyrst að meta mengunarhættu, hvort sveitarfélagið megi bregðast við vegna bráðrar hættu eða hvort UOS eigi að taka yfir málið vegna leka og mögulegrar mengunar. Ekki er heldur skýrt hver eigi að ákveða aað bifreiðin sé úrgangur, hver megi láta flytja hana, hver beri kostnað af flutningi og geymslu og hver geti innheimt þann kostnað hjá eiganda. Til viðbótar við framangreint leikur verulegur vafi á því hvort sveitarfélagið hafi í raun þær valdheimildir sem þarf til að leiða mál til lykta, ef eigandi ökutækisins gerir ágreining um málareksturinn gegn sér og krefst þess að fá að hafa sitt drasí í friði."

Samkvæmt þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi þann 19. júní sl. þá hefur valdsvið og þvingunarúrræði til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar á lögum og reglugerðum eða samþykktum sveitarfélaga, ekki verið færð til sveitarfélaganna og því mikilvægt að úr því verði skorið með hvaða hætti sveitarfélögin geta framfylgt ákvæðum samþykktu um hreinsun lenda og lóða.

Heilbrigðisnefnd kallar eftir skýrri niðurstöðu frá stjórnvöldum með hvaða hætti þvingunarúrræði verði tryggð sveitarfélögunum, ef þau verkefni sem snúa að umgengni á lóðum og almennu hreinlæti flytjast til sveitarfélaganna.

4. Dagskrárliður: Drangahraun 10, Aðalpartasalan, þvingunarúrræði

Heilbrigðiseftirlitið hefur haft til afgreiðslu umsókn Aðalpartasölunnar ehf. kt.530921-0930, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir partasöluna að Drangahrauni 10 í Hafnarfirði. Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi sem rann út þann 7. ágúst 2023. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um úrbætur á þeim frávikum sem fram komu í eftirlitsskýrslum hefur fyrirtækið ekki sýnt fram á úrbætur né lagt fram úrbótaáætlun fyrir þau frávik sem fram hafa komið.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar á að beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði laga nr.7/1998 sem geta falið í sér stöðvun á starfsemi eða lagðar verða á dagsektir.

Heilbrigðisnefnd staðfestir í samræmi við 44 gr. reglugerðar um hollustuhætti að heilbrigðiseftirlitið geti beitt þeim þvingunarúrræðum sem tiltæk eru til að knýja á um að uppfyllt verði skilyrði laga og reglugerða varðandi mengunarvarnir fyrirtækisins.

5. Dagskrárliður: Fundargerð samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu

Lagðar fram fundargerðir Samráðshóp um vatnsvernd og nýtingu dags. 28. maí annars vegar og 25. júní hins vegar. Fjallað er um nýjar rannsóknarholur í Bláfjöllum og hvernig hefur til tekist með þær. Jafnframt er fjallað um breytingar á lögum er varða vatnsverndarsvæði og niðurlagningu heilbrigðisnefnda.

Lagt fram til kynningar.

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.26.08.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 26.08.2026 til kynningar og samþykkis.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.19.08.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 19.08.2026 til kynningar og samþykkis.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.12.08.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 12.08.2026 til kynningar og samþykkis.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.05.08.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 05.08.2026 til kynningar og samþykkis.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.29.07.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 29.07.2026 til kynningar og samþykkis.

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.15.07.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 15.07.2026 til kynningar og samþykkis.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags. 22.07.2026


Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 22.07.2026 til kynningar og samþykkis.

13. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.08.07.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar dags. 08.07.2026 til kynningar og samþykkis.

JSP
MR PSP

Undirskrift fundargerðar


Þórey S. Þórsdóttir formaður

Þórarinn Örn Andrésson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður


Jónann Friðleifsson aðalmaður


Ásgeir Bjarnason aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

632. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 7. september 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Þórður Þórarinnsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður stjórnar SSH setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samspil og virkni velferðarþjónustu - Sóknaráætlun 2025 - 2502014

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025 er Samspil og virkni velferðarþjónustu í viðum skilningi en markmið þess er að skerpa á áskorunum ríkis og sveitarfélaga í velferðarmálum og greina hvar óvissa ríkir um verkaskiptingu og kostnað.

Drög að skýrslu HLH ráðgjafar: Samspil og virkni velferðarþjónustu - Áskoranir ríkis og sveitarfélaga í velferðarþjónustu, liggja nú fyrir til kynningar og athugasemda en kynning fullgerðar skýrslu fyrir stjórn SSH mun fara fram síðar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og athugasemda.

2. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Framhald umræðna frá 629. fundi. Fyrirliggjandi er erindi Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, sem barst hinn 9. júní 2026, þar sem óskað er eftir tilnefningum stjórnar SSH til stjórnar og stefnuráðs Markaðsstofunnar en SSH skal tilnefna fjóra stjórnarmenn auk tveggja til vara og sex einstaklinga í stefnuráð. Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en 8. september nk. en aðalfundur verður haldinn 16. september nk.

Niðurstaða:

Tilnefningar stjórnar SSH til stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins eru eftirfarandi:

Þorvaldur Davíð Kristjánsson, varaborgarfulltrúi í Reykjavík.

Berglind Haraldsdóttir, Kópavogi.

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Stella Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ.

Tilnefndir varamenn eru:

Gylfi Þór Þorsteinsson bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ.

Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir, varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Eftirtalin eru þá tilnefnd í stefnuráð Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins:

Rúnar Freyr Gíslason, borgarfulltrúi Reykjavík.

Elísabet Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi Kópavogi.

Hildur Rós Guðbjargardóttir, bæjarfulltrúi Hafnarfirði.

Jón Þór Eggertsson, bæjarfulltrúi Garðabæ.

Gylfi Þór Þorsteinsson, bæjarfulltrúi Mosfellsbæ.

María Björk Óskarsdóttir, Seltjarnarnes.

3. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 439. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 19. ágúst 2026.

Í fundargerðinni kemur m.a. fram að samstarfsnefnd hafi samþykkt tilteknar breytingar á framkvæmdaáætlun varðandi tilfærslur milli verkliða.

Þá er fyrirliggjandi erindi samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins þar sem óskað er eftir umræðu og ákvörðun frá stjórn SSH um það hvort tilefni sé til endurskoðunar á samkomulagi um uppbyggingu og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, bæði á framkvæmdaáætlun og fjárhæðum sem þar eru.

Niðurstaða:

Erindi samstarfsnefndarinnar, svo og umfjöllun um þær breytingar á framkvæmdaáætlun sem tilgreindar eru í fundargerð 439. fundar hennar, er vísað til verkefnahóps skíðasvæðanna, sem er falið að meta sviðsmyndir og tillögur að uppbyggingu á Skálafelli miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir. Málið verði tekið fyrir að nýju á fundi stjórnar 5. október nk.

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar leggur fram eftirfarandi bókun:

"Mosfellsbær leggur þunga áherslu á að staðið verði við samkomulag sveitarfélaganna frá árinu 2018 um uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Frá gerð samkomulagsins hefur umfangsmikil uppbygging átt sér stað í Bláfjöllum og Mosfellsbær hefur staðið við sínar fjárhagslegu skuldbindingar vegna þeirrar uppbyggingar. Á sama tíma hefur sú uppbygging sem fyrirhuguð var í Skálafelli ekki gengið eftir og svæðið hefur verið lokað.

Mosfellsbær getur ekki fallist á að samkomulagið verði í reynd endurskilgreint þannig að fjárfestingum og uppbyggingu verði haldið áfram í Bláfjöllum en Skálafell látið sitja eftir. Að mati Mosfellsbæjar er það hvorki í samræmi við þær forsendur sem lágu að baki samkomulaginu né það samstarf og jafnræði sveitarfélaganna sem það byggir á.

Mosfellsbær gerir því skýra kröfu um að staðið verði við fyrirliggjandi samkomulag, gerð verði tímasett áætlun um nauðsynlega uppbyggingu í Skálafelli og að stefnt verði að opnun svæðisins sem fyrst."

4. PANT akstursþjónusta - 2405005

Áframhaldandi umræður um Pant akstursþjónustu. Málið var síðast til umræðu á 627. fundi stjórnar og þá var stjórn Pant falið að undirbúa innkaupaferli annars



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

vegar miðað við óbreytta þátttöku sveitarfélaganna og hins vegar miðað við þær forsendur að um sameiginlegt verkefni allra sveitarfélaganna verði að ræða. Jóhannes Rúnarsson og Sturla Halldórsson kynna.

Gestir

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

Sturla Halldórsson deildarstjóri Pant

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra Strætó bs. er falið að koma á fundi með fjármálastjórum sveitarfélaganna og stjórn Pant þar sem framangreint verði til umfjöllunar og greint frekar. Útböðsgögn vegna Pant verði undirbúin miðað við núverandi aðildarsveitarfélög en líka þannig að samstarfið geti tekið til fleiri sveitarfélaga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

FUNDARGERÐ 531. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 24. ágúst 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:40. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Björn Jóhannesson, og Hrannar Bragi Eyjólfsson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Björn Jóhannesson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jana Katrín Knútsdóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, og Viktor Pétur Finnsson. Fjarverandi var Andri Steinn Hilmarsson. Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs nr. 1341 var Andri Steinn Hilmarsson kjörinn aðalmaður í stjórn SORPU bs. og Hjördís Ýr Johnson, kjörinn varamaður. Barst tilkynning þess efnis til SORPU bs. í júní. Á bæjarstjórnarfundum nr. 1342 var kosið aftur í stjórn SORPU bs. og var Hjördís Ýr Johnson kosinn aðalmaður og varamaður er Andri Steinn Hilmarsson. Tilkynning þess efnis barst ekki SORPU bs. og því var Andri Steinn Hilmarsson boðaður.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

Björn Jóhannesson aldursforseti stýrir fundi í upphafi fundar.

1. Kjör formanns og varaformanns í samræmi við III. kafla 4. gr stofnsamnings eignaraðila frá 1. janúar 2007

Fundurinn er fyrsti fundur nýrrar stjórnar, og hafa sveitarfélögin sem standa að SORPU bs. tilnefnt eftirfarandi fulltrúa í stjórn SORPU:

- Reykjavík: Sigrún Ásta Einarsdóttir, varamaður er Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir
- Kópavogur: Hjördís Ýr Johnson, varamaður er Andri Steinn Hilmarsson
- Hafnarfjörður: Viktor Pétur Finnsson, varamaður er Hildur Rós Guðbjargardóttir
- Garðabær: Hrannar Bragi Eyjólfsson, varamaður er Margrét Bjarnadóttir
- Mosfellsbær: Jana Katrín Knútsdóttir, varamaður er Gylfi Þór Þorsteinsson
- Seltjarnarnesbær: Björn Jóhannesson, varamaður er Magnús Benediktsson

Hrannar Bragi Eyjólfsson er einróma kjörinn formaður stjórnar og Sigrún Ásta Einarsdóttir er einróma kjörin varaformaður.

Nýkjörinn formaður tekur við stjórn fundarins.

7. Gjaldskrárbreytingar

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

8. Starfs- og siðareglur stjórnar

Lovísa Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri kynna drög að uppfærðum starfs- og siðareglum stjórnar. Drögin eru rædd.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

9. Starfsáætlun stjórnar og ákvörðun um fundartíma stjórnar

Formaður stjórnar leggur fram tillögu að starfsáætlun stjórnar. Formaður leggur til að reglulegur fundartími stjórnar verði þriðja miðvikudag hvers mánaðar klukkan 07:30.

Stjórn leggur til að starfsáætluninni verði breytt þannig að fjárhagsáætlun SORPU verði samþykkt á fundi stjórnar í september en ekki október eins og lagt er til í drögum.

Stjórn samþykkir starfsáætlunina að öðru leyti og fundartímann.

Ákveðið að vinnudagur stjórnar verði haldinn snemma í október og framkvæmdastjóra falið að boða.

Lovísa Jónsdóttir vísar af fundi.

10. Kynning á lagaumhverfi og starfsemi Sorpu og helstu verkefnum

Kynningu frestað til næsta fundar.

11. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti reglulegi fundur stjórnar er boðaður 16. september 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:56.

FUNDARGERÐ 532. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 11. september 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Hrannar Bragi Eyjólfsson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Björn Jóhannesson, Hjördís Ýr Johnson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jana Katrín Knútsdóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, og Viktor Pétur Finnsson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Drög að fjárhagsáætlun 2027-2031 kynnt

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir drögum að fjárhagsáætlun fyrir árin 2027-2031.

Stjórn ræðir drögin.

Ítarlegri drög verða kynnt á næsta fundi.

Hjördís Ýr vikur af fundi.

2. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Fundargerð lesin og samþykkt.

Næsti fundur

Næsti reglulegi fundur stjórnar er boðaður 16. september 2026 klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:27.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**56. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 7. september 2026
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Þórður Þórarinnsson, Þór Sigurgeirsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Jana Katrín Knútsdóttir, Sigrún Ásta Einarsdóttir, Viktor Pétur Finnsson, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðimngur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlunir byggðasamlaga 2027 - 2608006

Meginforsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs. vegna ársins 2027. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. ásamt Þórhalli Hákonarsyni fjármálastjóra Sorpu bs. kynnir.

Gestir

Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Áfram verður unnið að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2027 og er frekari umræðu frestað til næsta eigendafundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

426. fundur

föstudaginn 28. ágúst 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Guðmundur Jóhann Jónsson, Kristín M. Thorarensen, Guðný María Jóhannsdóttir, Gylfi Þór Þorsteinsson, Birkir Guðlaugsson, Elísabet I. Einarsdóttir.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir (SB) Sem ritaði fundargerð

Tekið fyrir:

1. Kynning á Strætó
2. Verkefni næstu ára.

1. Kynning á Strætó

Lögð voru fram staðfestingarbréf frá eigendum Strætó um kosningu stjórnarmanna. Frá Reykjavík var Guðný María Jóhannsdóttir tilnefnd sem aðalmaður og Friðjón R. Friðjónsson sem varamaður, frá Kópavogi Guðmundur Jóhann Jónsson sem aðalmaður og Andri Steinn Hilmarsson sem varamaður, frá Hafnarfirði var Kristín M. Thoroddsen sem aðalmaður og Karólína Helga Símonardóttir sem varamaður, frá Garðabæ var Birkir Guðlaugsson tilnefndur sem aðalmaður og Björg Fenger sem varamaður, frá Mosfellsbæ var Gylfi Þór Þorsteinsson tilnefndur sem aðalmaður og Hjörtur Örn Arnarson sem varamaður og frá Seltjarnarnesi Elísabet Ingunn Einarsdóttir sem aðalmaður og Magnús Benediktsson sem varamaður. Stjórn skipaði í embætti og var Guðmundur Jóhann Jónsson, frá Kópavogi kosinn stjórnarformaður og Guðný María Jóhannsdóttir varaformaður stjórnar.

Framkvæmdastjóri fór yfir lauslega yfir nýtt hlutverk Strætó, en nýtt félag Almenningsamgöngu höfuðborgarsvæðisins ohf., (ASHB) taka að fullu yfir hluta af verkefnum Strætó þann 1. október n.k.. Strætó mun vinna í samvinnu við ASHB þar til aksturhluti Strætó hefur verið boðinn út. Gert er ráð fyrir að nýr aðili taki við þeim hluta eftir útboð seint á árinu 2028. Strætó hefur sinnt akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og aldrað fólk fyrir fjögur af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu með þjónustusamningi. Verið er að skoða framtíðarfyrirkomulag á þeirri þjónustu.

2. Verkefni næstu ára

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á verkefndum tengdum stofnun nýs félags um almenningssamgöngur og helstu verkefnum og áskorunum tengdu því. Farið var yfir stöðu framlaga frá eigendum.

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti árshlutauppgjör fyrir janúar til júní.

3. Stjórn og starfsáætlun

Ákveðið var að halda stjórnarfundum mánaðarlega, að jafnaði þriðja fimmtudag hvers mánaðar í hádeginu. Næsti fundur verður 17. september.

Stjórn samþykkti tillögur framkvæmdastjóra að ræða við Deloitte um innri endurskoðun. Rætt var um mikilvægi þess að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi á lokatímabili starfseinnar og að skapa starfsfólki góðar forsendur til að ljúka verkefnum sínum.

Jafnframt var rætt um gerð starfsáætlunar stjórnar og framkvæmdastjóra falið að leggja fram drög að henni.

Fundi slitið kl. 13:00

Guðmundur Jóhann Jónsson

Guðný María Jóhannsdóttir

Kristín M. Thoroddsen

Birkir Guðlaugsson.

Gylfi Þór Þorsteinsson

Elísabet I. Einarsdóttir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**56. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 7. september 2026
og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Hildur Björnsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Hilmar Gunnarsson, Þór Sigurgeirsson, Þórður Þórarinnsson, Birkir Guðlaugsson, Guðmundur Jóhann Jónsson, Gylfi Þór Þorsteinsson, Kristín María Thoroddsen, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Hildur Björnsdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2027 - 2608006

Til umræðu er fjárhagsáætlun Strætó bs. vegna ársins 2027. Framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra Strætó bs. er falið að vinna áfram að áætluninni til samræmis við umræður fundarins. Þá er framkvæmdastjóra SSH falið að greina frekar ákveðna þætti áætlunar félagsins til samræmis við umræður fundarins og í kjölfarið verði málið tekið fyrir að nýju.

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. fer af fundi.
Gylfi Þór Þorsteinsson fer af fundi.

2. Almenningsamgöngur - þjónustusamningur og fjárhagsáætlun - 2608003

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er starfs- og fjárhagsáætlun Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (ASHB ohf.), en hún hefur nú verið send sveitarfélögunum og innviðaráðuneytinu f.h. ríkisins til afgreiðslu til samræmis við gr. 4.2 í þjónustusamningi aðila. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður innri þjónustu ASHB ohf. kynna.

Gestir

Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Arnar Freyr Vilmundarson forstöðumaður innri þjónustu Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra SSH er falið að greina frekar ákveðna þætti áætlunar félagsins til samræmis við umræður fundarins og í kjölfarið verði málið tekið fyrir að nýju á vettvangi stjórnar SSH.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.